

Alþingi
Erindi nr. Þ 141/3
komudagur 27.9.2012

Umsögn félagsmálaráðs Akureyrar vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 80/2011.

Í lögum nr. 80/2011 felast nokkrar breytingar á barnaverndarlögum nr. 80/2002 og er sú veigamest að gert er ráð fyrir tilfærslu á vistheimilum frá sveitarfélögum til ríkis og um leið að ríkið hefji innheimtu daggjalda vegna vistana á vistheimilum og meðferðaheimilum. Þessi breyting átti að eiga sér stað 1. janúar 2013.

Í frumvarpinu er lagt til að ákvæði í 9. mgr. 57. gr. laganna nr. 80/2011 verði breytt þannig að í stað 1. janúar 2013 komi 1. janúar 2014, þ.e.a.s. tilfærslunni frestað um eitt ár.

Engin ástæða er til annars en að lýsa samþykki við þessa frestun en til greina kemur að nýta þetta tækifæri til þess að vekja athygli á því hvað þessi fyrirhugaða breyting (þ.e. tilfærslan) muni hafa í för með sér fyrir Akureyri og nærsveitir (og líklega öll sveitarfélög á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi).

Ekki er gert ráð fyrir að lagt verði fram frekara fjármagn í málaflokkinn vegna þessarar tilfærslu og það boðað að um leið og kostnaður ríkisins verði hinn sami muni heildarkostnaður sveitarfélaga verða það einnig. Ríkið mun yfirtaka tvö vistheimili sem Reykjavíkurborg nú rekur og veita sveitarfélögum aðgang að þeim gegn gjaldi. Þá mun ríkið og hefja innheimtu daggjalda vegna vistana barna á Stuðlum og öðrum meðferðarheimilum sem starfrækt eru í umsjá Barnaverndarstofu.

Það sem þessi breyting mun hafa í för með sér fyrir barnavernd hér í Eyjafirði er eftirfarandi:

- A. Vistheimili í Reykjavík sem ríkið yfirtekur munu ekki nýtast fyrir börn af þessu svæði. Oftast er um að ræða vistanir með skömmu fyrirvara sem standa einungis í nokkra daga. Á vistunartímanum fer fram mikil vinna í samskiptum barnaverndarstarfsmanna við foreldra og aðra ættingja, barnið sjálft og ýmsa aðra stuðningsaðila, s.s. kennara. Slíkar vistanir verða því áfram hér í heimabyggð eins og verið hefur og alfarið á ábyrgð sveitarfélagsins.
- B. Sveitarfélagið mun þurfa að greiða daggjöld fyrir vistanir barna á meðferðarheimilum og á Stuðlum, en þessar vistanir hafa hingað til verið greiddar að fullu af ríkinu.
- C. Niðurstaðan verður því sú að sveitarfélagið greiðir fyrir úrræði sem hingað til hefur verið ókeypis. Það sem boðið er „í staðinn“ þ.e. þjónusta vistheimilis kemur ekki að notum vegna fjarlægðar. Aðeins vistheimili á Norðurlandi gæti nýst barnavernd hér.

Samþykkt á fundi félagsmálaráðs 26. september 2012.